

**Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga
Starfsgreinasambands Íslands**

Fjarfundur var haldinn í samráðsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 5. febrúar 2024.

Fulltrúar SGS voru: Vilhjálmur Birgisson

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga voru: Margrét Sigurðardóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:**1. Samkomulag um viðbótarlaun á einstök starfsheiti í leikskólum og heimaþjónustu sbr. fylgiskjal 5 í kjarasamningi aðila frá 13. september 2023**

Í fylgiskjali 5 segir m.a.:

... Fá starfsheiti endurmat/endurskoðun til breytingar á stigaröðun í starfsmati mun samstarfsnefnd aðila taka upphæðir viðbótarlauna til endurskoðunar.

Samninganefnd sveitarfélaga hefur litið svo á að framangreint orðalag er varðar endurmat/endurskoðun til breytingar á stigaröðun í starfsmati feli í sér að fjárhæðir viðbótarlauna skyldu lækka í samræmi við niðurstöðu og hækkun starfsmats viðkomandi starfa. Samkvæmt 23. fundargerð aðila munu viðbótarlaunin falla niður þann 31. mars 2024 án frekari fyrirvara, en þó þannig að greiðslur haldast í samræmi við framkvæmd þeirra þar til gengið hefur verið frá nýjum kjarasamningi milli aðila.

SGS gerir kröfu um að viðbótarlaun á starfsheiti í leikskólum og heimaþjónustu sbr. fylgiskjal 5 í gildandi kjarasamningi aðila verði ekki dregin frá hækkun á grunnröðun starfa vegna 5 ára endurskoðunar starfsmats.

Jafnframt fer SGS fram á til að gæta samræmis og tryggja að nýtt starfsheiti á leikskólum „Starfsmaður í leikskóla með aukna ábyrgð“ fái viðbótarlaun kr. 39.270.

Tekið er fram að sérstök greiðsla lægstu launa, sbr. 76. fundargerð samstarfsnefndar aðila, tekur breytingum í samræmi við breytt stigabil/launaflokk.

Niðurstaða:

Fulltrúar SNS fallast á að viðbótarlaun á einstök starfsheiti haldist óbreytt út gildistíma kjarasamnings aðila.

Til að gæta samræmis við önnur sambærileg störf í leikskólum fær nýtt starfsheiti „Starfsmaður í leikskóla með aukna ábyrgð“ viðbótarlaun kr. 39.270 frá 1. janúar 2024 sem haldist óbreytt út gildistíma kjarasamnings aðila.

Samningsaðilar eru sammála um að þar sem fjárhæð viðbótarlauna hefur verið lækkuð í launaútborgun 1. febrúar sl. verði leiðrétt við launaútborgun þann 1. mars í samræmi við framangreinda niðurstöðu.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.